

Staðfangabreyting við Hafravatn

Til : Skipulagsmál Mosfellsbæjar <skipulag@mos.is>
Frá : Ásdís Pétursdóttir Blöndal <asdis.p.blondal@gmail.com>
Heiti : Staðfangabreyting við Hafravatn
Málsnúmer : 202206160
Málsaðili : Mosfellsbær
Skráð dags : 18.01.2023 22:16:07
Höfundur : Ásdís Pétursdóttir Blöndal <asdis.p.blondal@gmail.com>

[You don't often get email from asdis.p.blondal@gmail.com. Learn why this is important at <https://aka.ms/LearnAboutSenderIdentification>]

Erindi til Skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, varðandi fyrirhugaða staðfangabreytingu á lóðum við norðanvert Hafravatn dags. 18.janúar 2023.

Landeigendum barst tilkynning um tillögu að staðfangabreytingu á lóðum okkar frá Mosfellsbæ.

Skiptar skoðanir eru í hópi landeigenda um nafnið á veginum "ÓSKOTSVEGUR". Í tilkynningu Mosfellsbæjar er tekið fram að athugasemdir megi gera við tillöguna til og með 20. janúar 2023.

Hér kemur athugasemd við fyrirhugaða nafngift á veginum gegnum byggðina norðanvert við Hafravatn;

Undirrituð gerði könnun meðal lóða- og frístundahúsa eigenda hér í Hafrabyggðarhverfinu við norðanvert Hafravatn um nafngift vegarins gegnum hverfið.

25 lóða og frístundahúsaeygendur svöruðu könnuninni,

18 vilja að vegurinn fái nafnið Hafrabyggð
5 vilja Óskotsveg
2 vilja fá nafnið Hafrabraut

Því er ljóst að meirihluti eigenda sem svöruðu könnuninni eru á móti nafngiftinni "Óskotsvegi" og vilja heldur fá nafnið "Hafrabyggð".

Það er ósk mín að skipulagsnefnd skoði málið.

Með kveðju,
Ásdís P Blöndal
Eigandi frístundahúss við norðanvert Hafravatn.